

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 114/2011****2011/EES/70/04****frá 21. október 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við  
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2011 frá 30 september 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 353/2008 frá 18. apríl 2008 um setningu framkvæmdarreglna varðandi umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 983/2009 frá 21. október 2009 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 984/2009 frá 21. október 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa ekki til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1024/2009 frá 29. október 2009 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1025/2009 frá 29. október 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa ekki til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1167/2009 frá 30. nóvember 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2009 frá 30. nóvember 2009 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar ekki til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1170/2009 frá 30. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 að því er varðar skrár yfir vítamín og steinefni og þau form þeirra sem má bæta í matvæli, þ.m.t. fæðubótarefni <sup>(9)</sup>.
- 10) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

<sup>(1)</sup> Stj.útd. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 32, og EES-viðbætur við Stj.útd. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stj.útd. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 11.

<sup>(3)</sup> Stj.útd. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 3.

<sup>(4)</sup> Stj.útd. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 13.

<sup>(5)</sup> Stj.útd. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 22.

<sup>(6)</sup> Stj.útd. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 30.

<sup>(7)</sup> Stj.útd. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 29.

<sup>(8)</sup> Stj.útd. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 32.

<sup>(9)</sup> Stj.útd. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 36.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzi (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB):  
„– **32009 R 1170**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1170/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 36).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 54zzzu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006):  
„eins og henni var breytt með:  
„– **32009 R 1170**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1170/2009 frá 30. nóvember 2009 (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 36).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 54zzzzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 958/2010):  
„54zzzzza. **32008 R 0353**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 353/2008 frá 18. apríl 2008 um setningu framkvæmdarreglna varðandi umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 (Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 11).  
54zzzzzb. **32009 R 0983**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 983/2009 frá 21. október 2009 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til minnkunar á sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 3).  
54zzzzzc. **32009 R 0984**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 984/2009 frá 21. október 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa ekki til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 13).  
54zzzzzd. **32009 R 1024**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1024/2009 frá 29. október 2009 um leyfi eða synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 22).  
54zzzzze. **32009 R 1025**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1025/2009 frá 29. október 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa ekki til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 283, 30.10.2009, bls. 30).  
54zzzzzf. **32009 R 1167**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1167/2009 frá 30. nóvember 2009 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu og til þroskunar og heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 29).  
54zzzzzg. **32009 R 1168**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1168/2009 frá 30. nóvember 2009 um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar ekki til þess að dregið hafi verið úr sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 32).“

## 2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 353/2008, 983/2009, 984/2009, 1024/2009, 1025/2009, 1167/2009, 1168/2009 og 1170/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. október 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kurt Jäger***

formaður.